

Greinargerð

Víða í Þingholtunum og Gamla Vesturbænum hafa götur verið gerðar að einstefnugötum vegna þrengsla. Í mörgum tilfellum væri þó vel hægt að heimila hjólreiðar í báðar áttir enda nægt rými til. Dæmi lengri götur þar sem betri hjólaleiðir gætu skapast með því að heimila umferð hjólandi í báðar áttir eru Vesturgata, Freyjugata og Óðinsgata.

Að heimila hjólreiðar í báðar áttir er aðgerð sem er þekkt erlendis en slíkt hefur verið reynt í Brussel, London og víða á Norðurlöndum. Um er að ræða ódýra leið til að stytta vegalengdir fyrir hjólandi vegfarendur. Jafnframt getur aukin umferð hjólandi átt þátt í að hægja á almennri bílaumfer sem hefur jákvæða áhrif á umferðaröryggi og lífsgæði.